

19-00160-2

Afgreiðsla Eftirlitsnefndin

Nefndarálit eftirlitsnefndar um

skýrslu Ríkisendurskoðunar Danmerkur til Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar um ársreikninga Norrænu ráðherranefndarinnar 2018 (C 3/2019/kk)**1. Tillaga nefndarinnar**

Eftirlitsnefndin leggur til að Norðurlandaráð samþykki

að skrá hjá sér ársreikning og ársskýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar 2018

að það hvetji Norrænu ráðherranefndina til að fylgja eftir athugasemdum

Ríkisendurskoðunar og eftirlitsnefndarinnar

2. Bakgrunnur

Ríkisendurskoðun Danmerkur hefur farið yfir ársreikning Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir reikningsárið 2018.

Ársreikningurinn fyrir árið 2018 sýnir afgang sem nemur 11,7 milljónum danskra króna en afgangurinn nam 10,5 milljónum danskra króna árið 2017.

Heildartekjur námu 962,9 milljónum danskra króna en þær námu 945,9 milljónum danskra króna árið 2017. Mestan hluta hækkunarinnar má rekja til framlaga frá löndunum. Meirihluti útgjalda, 903,5 milljónir danskra króna, var til stofnana, samstarfsaðila, einstakra verkefna og skrifstofa í Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi en var 882 milljónir danskra króna árið 2017. Útgjöld til reksturs skrifstofu nema 88,8 milljónum DKK.

Eiginfjárstaða Norrænu ráðherranefndarinnar er neikvæð um 108,3 milljónir DKK. Eigið fé felst í afskrifaðri kröfu um greiðslur landanna frá árinu 2005 – upp á -50 milljónir danskra króna og vanáætlun í fjárhagsáætlun árið 2008 sem nemur -70 milljónum DKK. Samkvæmt fjárhagsreglum Norrænu ráðherranefndarinnar jafnast eiginfjárstaðan út með framlagi frá löndunum þegar lausafjárstaðan leyfir það.

Fjármagn sem fært var milli ára nemur alls 27,3 milljónum danskra króna en nam 32,9 milljónum danskra króna árið 2017. Þar af nemur óráðstafað fjármagn 15 milljónum danskra króna.



Fjármagn sem skilað var og hægt er að nýta næsta fjárhagsár hækkaði úr 27 milljónum danskra króna árið 2017 í 35,8 milljónir danskra króna árið 2018. Ríkisendurskoðun tekur fram við yfirferð ársreikninganna að endurgreiðsla samkvæmt 15%-reglunni sem kemur fram í athugasemd 21 og nemur 35 milljónum danskra króna sé ekki tekin með í bókhaldinu, en komi bara fram í athugasemdinni.

Ábyrgð á endurskoðun vegna norrænna stofnana er hjá ríkisendurskoðun í því landi sem stofnunin hefur bækistöðvar sínar. Í endurskoðunarskýrslunni er yfirlit yfir fram komnar athugasemdir.

- Norræna húsið á Íslandi fékk athugasemd um innra eftirlit vegna skorts á sundurliðun.

3. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar

Ríkisendurskoðun telur ársreikningana gefa réttmæta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2018.

Ríkisendurskoðun telur jafnframt að ráðstafanir sem um er getið í ársreikningi séu í samræmi við lög og reglur, gerða samninga og viðteknar venjur.

Ríkisendurskoðun veitti þó athygli nokkrum sérstökum aðstæðum sem gerð er athugasemd við í skýrslu þeirra.

- Notendaaðgangur að fjármálakerfinu – brestir eru í umsjón og eftirliti með aðgangsréttindum og sundurliðun er ábótavant í Axapta fjármálakerfi Norrænu ráðherranefndarinnar.
- Skortur er á yfirsýn yfir verkefnaskuldir – skortur er á samþættingu milli fjármálakerfisins og styrkjakerfisins og því er Norrænu ráðherranefndinni ekki kleift að skrá fullkomlega uppsafnaða verkefnaskuld að fjárhæð 232 milljónir danskra króna í bókhaldinu.
- Framkvæmd endurskoðunar – kerfislegum stuðningi við fjármálastjórnina er ábótavant og því eru bæði fjárreiður og bókhald háð mörgum handvirkum verkferlum, afstemmingu og eftirliti.

4. Sjónarmið eftirlitsnefndar

Eftirlitsnefndin tekur mið af þeim athugasemdum sem fram komu við endurskoðun á Norrænu ráðherranefndinni.

Við yfirferð sína á ársreikningi Norrænu ráðherranefndarinnar sá eftirlitsnefndin að 4,345 milljónum danskra króna er ráðstafað til verðlauna Norðurlandaráðs. Í svari Norrænu ráðherranefndarinnar um það hvernig þessari fjárhæð sé ráðstafað kom fram að 4,045 milljónir danskra af henni renna til verðlaunahafanna. Eftirlitsnefndin mælist til þess að rætt verði hvort þetta sé rétt forgangsröðun.

Við yfirferð eftirlitsnefndar á ársreikningum Norrænu stofnunarinnar á Grænlandi (NAPA) kom í ljós að ekki fer fram endurskoðun á fjárhagsáætlunum NAPA. Það er skoðun eftirlitsnefndarinnar að fylgja beri fjárhagsáætlunum og að taka skuli endurráðstafanir til formlegrar meðhöndlunar, sé um þær að ræða.



Eftirlitsnefndin mælist til þess að Norræna ráðherranefndin fari yfir markmiðin í erindisbréfum til stofnananna. Markmið ættu að vera færri og þau ættu að vera skýrari ásamt því að vera bein og mælanleg og gefa meira svigrúm til þróunar.

5. Ályktun

Eftirlitsnefndin vekur athygli á þeim veikleikum sem komið hafa í ljós í fjármálakerfi Norrænu ráðherranefndarinnar sem hafa haft í för með sér aukna hættu á óréttmætum breytingum og úthlutunum, og á ákvörðun um endurskoðun á greiðslum undanfarin fimm ár.

Nefndinni er kunnugt um að Ríkisendurskoðun telur að ársreikningur og ársskýrsla fyrir árið 2018 gefi rétta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu.

Eftirlitsnefndin mælist til þess að ársreikningur Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2018 verði skráður.

Eftirlitsnefndin leggur til að

Norðurlandaráð samþykki

að skrá hjá sér ársreikning og ársskýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar 2018

að það hvetji Norrænu ráðherranefndina til að fylgja eftir athugasemdum

Ríkisendurskoðunar og eftirlitsnefndarinnar

Stokkhólmi, 28. október 2019

Guðmundur Ingi Kristinsson

Linda Ylivainio

Maria Stockhaus

Thomas Jensen

Paula Bieler

Veronika Honkasalo

Ruth Mari Grung